

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Ísafjarðarbæ skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitu í Ísafjarðarbæ nr. 787/2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 2. mars 2017.

2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Ísafjarðarbæ eða leigir lóð í sveitarféluginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,25% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,33% af fasteignamati annars húsnæðis og -lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirkja á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Rotþróagjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Árlegt gjald fyrir hreinsun og losun rotþróa	11.192 kr.
Umbeðin auka hreinsun og losun	33.576 kr.
Kílómetragjald vegna aukulosunar	660 kr./km

Miðað er við að rotþrær séu losaðar og hreinsaðar á 3 ára fresti.

3. gr.

Holræsagjald og rotþróargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjald og rotþróargjald nýtur aðfararheimildar skv. 3. tl. 16. gr. laga nr. 9/2009, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjald og rotþróargjald nýtur lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

4. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald og rotþróargjald hjá tekjulítlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009.

5. gr.

Gjalddagar holræsagjalds og rotþróargjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið og rotþróargjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir holræsagjald í Ísafjarðarbæ nr. 1195/2014.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 21. september 2017.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri.